

Ed.

432. Frumvarp til laga

[249. mál]

um breyting á lögum nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 36 7. maí 1969, og lög nr. 37 16. apríl 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Í stað 14. gr. laganna komi svohljóðandi grein:

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Búrfell í Þjórsá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til þessara virkjunarframkvæmda.

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Sigöldu í Tungnaá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni enn fremur heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Landsvirkjun í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilt að lána Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. vegna virkjunarframkvæmdanna við Sigöldu í Tungnaá. Er hér um að ræða samskonar heimild og ríkisstjórninni var veitt á sínum tíma vegna Búrfellsvirkjunar og miðaðist við allt að 100 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að lánið vegna virkjunar Tungnaár við Sigöldu verði með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður og er þetta í samræmi við það, sem gildi um fyrrgreinda heimild vegna Búrfellsvirkjunar. Þá er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán og endurlána Landsvirkjun vegna umrædds láns í þágu virkjunarinnar í Tungnaá við Sigöldu.

Lán það, sem hér er fjallað um vegna Sigölduvirkjunar, er liður í fjármögnun virkjunarframkvæmdanna til viðbótar auknum höfuðstólsframlögum ríkisins og Reykjavíkurborgar, fé úr rekstri Landsvirkjunar og öðrum lántökum. Gert er ráð fyrir, að lánið standi að baki stofnlánnum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna, þannig að árlegar greiðslur afborgana og vaxta af því verða háðar nettótekjum Landsvirkjunar að frádragnum öðrum lánagreiðslum á hlutaðeigandi fjárhagsári Landsvirkjunar. Auk þess er gert ráð fyrir, að greiðslur afborgana og vaxta af láninu hefjist ekki fyrr en að virkjunarframkvæmdunum lokuum, og er þannig létt á greiðsluhyrði Landsvirkjunar meðan á þeim stendur.